

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/171*  
*komudagur 7.11.2013*



Skrifstofa Alþingis  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

SÍBS | Icelandic Chest Patients Association  
Síðumúli 6 | IS-108 Reykjavík | Iceland  
tel +354 560 4800 | fax +354 562 9150  
sibs@sibs.is | www.sibs.is

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brottnám líffæra, 34. mál**

*Umsögn:*

SÍBS styður eindregið frumvarp til laga um breytingu á lögum um brottnám líffæra, 34. mál.

Þó er lagt til að í stað orðanna “lífræn efni” í fyrri málsgrein komið orðið “vefi”, og að í síðari málsgrein falli brott orðið “nánasta”, auk þess sem innskotssetningin “til nota við læknismeðferð annars sjúklings” færist úr 2. mgr. yfir í lok 1. mgr., þannig að málgreinarnar hljómi svo:

Heimilt er að nema brott líffæri eða vefi úr líkama látinna einstaklinga, til nota við læknismeðferð annars einstaklings.

Samþykki einstaklingur ekki að líffæri eða vefir úr líkama hans verði numin brott að honum látnum, skal hann koma þeirri afstöðu sinni á framfæri við aðstandanda eða skrá á annan hátt sem tryggt þykir að muni koma fram við andlát hans.

Ofangreint er aðeins tillaga um orðalagsbreytingu en ekki efnislega breytingu.

Réttara er að nota orðið *vefir* en lífræn efni, auk þess sem orðið *vefir* er notað í seinni málsgreininni.

Þá er það álitid óþörf takmörkun að tilgreina *nánasta* aðstandanda, heldur sé réttara að einstaklingur geti valið þann aðstandanda sem hann treystir best, enda gildir áfram skilyrði 2. mgr. um að tryggt þygi að afstaðan komi fram við andlát viðkomandi.

Loks er með tilfærslu innskotssetningarinnar skýrara til hvers heimildarákvæðið tekur.

Reykjavík, 7. nóvember 2013

Virðingarfyllst,

Guðmundur Löve  
framkvæmdastjóri SÍBS